

Elkem Ísland ehf  
Grundartanga  
301 Akranes


Reykjavík, 3. janúar 2020  
UST201901-198/E.H.  
08.07.02

**Efni: Eftirlit 2019 - Elkem Ísland - Reglubundið eftirlit**


Þann d. mánuður sl. fór fram eftirlit í hjá Elkem Ísland ehf. á Grundartanga Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en einni ábendingu var komið á framfæri er varðar geymslu spilliefna.

Virðingarfyllt



Einar Halldórsson



Sigríður Magnúsdóttir

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vesturlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	22.11.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Frigg Thorlacius
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorsteinn Hannesson	<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í síðara eftirlit ársins með Elkem á Íslandi. Ekkert frávik kom fram frá starfsleyfi en einni ábendingu er komið á framfæri er varðar geymslu spilliefna.

## UMFANG EFTIRLITS

Rædd var áætlun um minnkun á ryki frá rykupsprettum. Hreinsun á útblæstri fer fram í reykhreinsivirkjum 1,2 og 3 með síupokum. Alls eru 11 op á ofnhúsi þar sem loft fer óhreinsað út um þakop og þakháfa. Helstu rykupsprettur á útisvæði skv. mæliáætlun eru við:

1. Uppskipun á hafnarsvæði
2. Vegna uppkeyrslu á kvarsí
3. Fok frá hráefnageymslu
4. Innmötun á hráefnum inn á ofna
5. Deiglubrot
6. Innmötun hráefnis til mölunar

Farið var yfir ofnrekstur það sem af er ári og hefur framleiðsla gengið vel en vegna markaðsverðs var ofn þrjú stöðvaður tímabundið til að draga úr framleiðslu. Óhapp varð í október þegar blautbrot varð í öðrum ofninum og var hann í rekstrarstöðvun í tíu daga eftir það. Atvikaskráning var skoðuð fyrir óhappið.

Skráningar skv. gr. 3.2 voru ræddar og þá helst:

- Viðhald, eftirlit og bílanir í mengunarvarnabúnaði
- Mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim, þar með talin reyklos
- Tæmingu olíugildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim.
- Prófun og kvörðun mælíbúnaðar

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Bæta þarf frágang við spilliefnageymslu og koma úrgangsolíu inn í gám með lekavörn.

## ÁBENDINGAR

Bæta þarf frágang við spilliefnageymslu og koma úrgangsolíutunnum inn í gám með lekavörn.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.12.2019

Einar Halldórsson